

Keldudal, Skagafirði 29. maí 2020

Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Frá Guðrúnu Lárusdóttur, bónda í Keldudal í Hegranesi, Skagafirði

Á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda 12. júní næstkomandi eru þrír frambjóðendur í tvö sæti í stjórn lífeyrissjóðsins og er ég ein þriggja þeirra sem bjóða sig fram. Ég hef setið í stjórn Lífeyrissjóðs bænda frá árinu 2011.

Mikilvægt er að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda nýti atkvæði sitt en það geta þeir gert með því að mæta á fundinn eða veita öðrum sjóðfélaga umboð til að fara með atkvæði sitt á fundinum. Hægt er að nálgast umboðið á heimasíðu lífeyrissjóðsins, www.lsb.is.

Ég, Guðrún Lárusdóttir, er sjóðfélagi í Lífeyrissjóði bænda og hef rekið blandað bú í Keldudal í Hegranesi ásamt fjölskyldu frá árinu 1996. Á búinu eru um 65 mjólkurkýr og 85 aðrir nautgripir, kvígur, naut og kálfar. Um 90 kindur auk 13 hrossa sem notuð eru til að ríða út til gamans og sem gangnahestar. Ekki má gleyma íslensku fjárhundunum, hænum og köttum.

Rekin er ferðapjónusta í Keldudal og erum við aðilar að Ferðapjónustu bænda. Tvö hús eru í útleigu, Gestahús og Leifshús. Við getum tekið á móti 14-16 manns í uppbúið rúm, en um 20 manna hópum ef gestir geta gert sér svefnsófa og dýnur að góðu.

Menntun mín er stúdentspróf af eðlisfræðideild MK og hef ég auk þess lokið námi frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri sem búfræðingur 1987 og BsC í búvísindum 1991. Árið 2017 hóf ég nám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar og hef lokið 162 einingum.

Ég vann við Háskólann á Hólum frá árinu 1991 til 2000. Ég hafði umsjón með fjármálum skólans auk þess að kenna, meðal annars rekstur og áætlanagerð.

Hef tekið virkan þátt í stjórnnum og félagsmálum. Meðal annars verið stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bænda frá 2011 og Bændasamtökum Íslands. Verið í forsvari fyrir Félagi kúabænda í Skagafirði og Búnaðarsambandi Skagfirðinga og hef verið formaður sambandsins frá 2013.

Bestu kveðjur,
Guðrún Lárusdóttir
Kt. 240866-5799
keldudalur@keldudalur.is
s. 846 8185